

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 3. TBL. 17. ÁRG. 2011



ÁRANGURSRÍKUR
MÁLFLUTNINGUR



VIÐTAL VIÐ
VALTÝ SIGURÐSSON



Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson:

Leiðari 4

Brynjar Níelsson:

Pistill formanns 6

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir:

Árangursríkur málf lutningur 8

Tilurð og tillögur stjórnlagaráðs 20

Viðtal við Valtý Sigurðsson hrl.:

Langaði að gera eitthvað allt annað 15

Aðsent efni

Þorsteinn Pálsson:

Hvers vegna á að fjölga þingmönnum? 22

Valgerður Sólmes:

Áhrif fjármagnstekna á tekjutengdar bætur við uppgjör bóta skv. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga 25

Á léttum nótum

Golfsumarið 2011

Jafntefli sætasti sigurinn 12

Af Merði lögmanni 14

Nýjar bækur á bókasafni 24

Kínversk sendinefnd í heimsókn 26

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Brynjar Níelsson hrl., formaður
Jónas Þór Guðmundsson hrl.,
varaformaður
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri
Borgar Þór Einarsson hdl. ritari
Óskar Sigurðsson hrl. meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari

FORSÍÐUMYND:
Forsíðu blaðsins þýðir mynd af
Snæfellsjökli, tekin í ágúst 2011.
Ljósmyndari: Emilía Ottesen.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



Tvær nýjar ávöxtunarleiðir

Eignastýringarsafn ÍV-I Eignastýringarsafn ÍV-II

Hagkvæm eignastýring

Hátt vægi ríkistryggðra eigna

Staðgreiðsla á skatti einungis við innlausn

Eignastýringarsafn ÍV - I er góður kostur fyrir þá sem vilja njóta öryggis ríkistryggðra eigna og innlána en um leið eiga þess kost að auka ávöxtunarmöguleika með kaupum á öðrum skuldabréfum.

Eignastýringarsafn ÍV - II er góður kostur fyrir þá sem þola þó nokkrar sveiflur í von um hærri ávöxtun. Ávöxtun sjóðsins getur sveiflast nokkuð og er mælt með því að fjárfestar horfi til nokkurra ára við mat á árangri.

**Hafðu samband við
ráðgjafa okkar
í síma 460 4700 eða
kynntu þér málið
á www.iv.is**

Eignastýringarsafn ÍV - I og II henta bæði einstaklingum,
fyrirtækjum og fagfjárfestum.



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

Eignastýringarsafn ÍV-I og Eignastýringarsafn ÍV-II eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



MÆLISTIKA Á ÁRANGUR RÉTTARKERFISINS

UMFJÖLLUN ÍSLENSKRA FJÖLMIÐLA um lögfræðileg álitafni er því miður ekki beysin. Ekki er þó við öðru búast þegar gera þarf flóknum málum skil á örfáum dálksentímetrum eða að fanga kjarna þeirra í „helstinu“ svo fólk þið skilji. Í raun er ekki hægt að gera þá kröfu almennt til fjölmiðla hér á landi að þeir geri flóknum lögfræðilegum álitamálum ítarleg skil, til þess er framleiðslukrafan á íslenska blaðamenn einfaldlega of rík. Þessu verða lögmenn, eins og aðrir sérfræðingar, að sýna ákveðinn skilning og umburðarlyndi.

Í flestum málaflokkum kemur yfirborðskennnd umfjöllun fjölmiðla ekki að sök. Aðilar deila og dómstólar skera úr. Þegar úrslit hafa almenna þýðingu er stundum greint frá þeim í fjölmiðlum. Að jafnaði er þá leitast við að fá viðbrögð aðila eða annarra sem niðurstaðan kann að varða. Því er síðan slegið upp og fylgir þá sögunni jafnframt að niðurstaðan hafi eða kunni að hafa fordæmisgildi. Dramatísk viðbrögð aðila rata vitaskuld frekar í fréttir en þau hófstilltari. Líkt gildir því um þennan fréttáflutning og annan. Þótt ekki sé þetta allt til fyrirmyndar þá er erfitt að amast við þessu og víst er að gangverki réttarríkisins hlekkist ekki á af þessum sökum.

Einn er þó sá málaflokkur sem hefur nokkra sérstöðu þegar kemur

að umfjöllun íslenskra fjölmiðla. Áhugi fjölmiðla á sakamálum er rótgróinn og síður en svo séríslenskt fyrirbæri. Stafar hann auðvitað af áhuga almennings á þessu málum. Algengt er að blaðamenn sitji heilu og hálfu þinghöldin þar sem fjallað er um líkamsmeiðingar eða önnur hegningarlagabrot, skrifi þar niður hvert orð, og sendi frá sér um leið og hlé er gert á réttarhaldi af náttúrlegum sökum. Við þessu er heldur ekkert að segja, mannlegt eðli er bara svona.

Á síðustu misserum hefur það hins vegar gerst að fjölmiðlar, dyggilega hvattir áfram og studdir af einstökum þrýstihópum, eru farnir að leggja sína eigin mælistiku á árangur réttarríkisins í sakamálum. Þannig er árangur þeirra sem rannsaka mál mældur í fjölda mála þar sem rannsókn leiðir til ákæru. Að sama skapi er árangur saksóknara mældur í fjölda mála þar sem sakfelling næst fram. Verst er þó að fjöldi sakfellinga er notaður sem mælistika á árangur dómstólanna. Mál sem varða kynferðisbrot eru sérstaklega þessu marki brennd en ofangreind þróun á sér þó stað í sífellt fleiri brotaflokkum.

Hér þarf að sporna við fótum. Það er ekki minni árangur hjá þeim sem rannsaka mál að fella þau niður en að gefa út ákæru. Ekki er hægt að hugsa sér meiri árangur af dómsýslunni en að sýkna mann sem saklaus er af

þeirri háttsemi sem honum er gefið að sök. Samt sem áður bylur linnulaust í fjölmiðlum að kerfið hafi brugðist; lögreglan, ákærvaldið eða dómstólar, ef ekki er ákært eða ef sýknudómur er kveðinn upp. Réttarríkið er grundvallað á þeirri hugmynd að betra er að tíu sekir menn gangi lausir en að einn saklaus sé dæmur sekur. Í íslenskum fjölmiðlum er þessu oftast en ekki snúið á hvolf. Síbylja þessi setur vitaskuld þrýsting á þá sem gegna vandasömu hlutverki í refsivörslunni. Það er varhugavert, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Blaðamenn munu aldrei frekar en aðrir geta gert svo að öllum líki. Alltaf verður einhver til að amast yfir vinnubrögðum þeirra eða yfirborðskennndri umfjöllun. Ekki má gera ósanngjarnar og óraunhæfar kröfur í þessu tilliti. Það er hins vegar hvorki ósanngjarnt eða óraunhæft að ætlast til þess að íslenskir fjölmiðlar virði þær grundvallarreglur sem samfélagið byggist á og meti það ekki síður til árangurs þegar refsímál eru felld niður á rannsóknarstigi eða til lykta leidd með sýknu.

The VIB logo is a white lowercase 'vib' on a red rectangular background.

ÁRANGUR TEKUR



Einkabankþjónusta – sérfræðiaðstoð og sérsniðnar lausnir

Einkabankþjónusta VÍB er víðtæk fjármálaþjónusta sniðin að þörfum einstaklinga sem eiga umtalsvert sparifé (yfir 15 milljónir kr.) og vilja njóta sérfræðiaðstoðar við ávöxtun fjármuna sinna.

Viðskiptastjóri

Viðskiptavinir hafa sinn eigin viðskiptastjóra sem þeir geta leitað til hvenær sem þeim hentar í gegnum tölvupóst, síma eða með fundum.

Helstu kostir

- Rík áhersla á persónuleg tengsl og góða upplýsingagjöf
- Bestu kjör og fríðindi sem Íslandsbanki býður
- Greining á tækifærum á fjármálamörkuðum
- Ýmis fjármálaumsýsla, svo sem skattamál, lífeyrismál og áhættustýring
- Yfirlit í Netbanka yfir rauntímastöðu eignasafns
- Fréttabréf Einkabankþjónustunnar
- Aðgangur að fjölbreyttu úrvali innlendra og erlendra verðbréfa

VÍB – Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfabjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.vib.is eða í síma 440 4900.

BRYNJAR NÍELSSON HRL.



Vantraust á dómstólum

ÞRÍGREINING RÍKISVALDSINS HEFUR verið talsvert í umræðunni seinustu misseri sem hefur einkum snúist um vantraust almennings á stjórnvöldum og skort á sjálfstæði löggjafarvaldsins og dómsvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Sjálfstæði dómsvaldsins hefur verið aukið með markvissum hætti síðustu áratugi með ýmsum breytingum, m.a. á réttarfarslöggjöf og löggjöf um skipan dómara.

Það er því mikið áhyggjuefni þegar skoðanakannanir sýna að almenningur ber lítið traust til dómstóla og þeirra sem fara með þetta mikilvæga vald. En hver er skýringin á þessu takmarkaða trausti og hvernig er hægt að bæta úr?

Dómsmál hafa mjög verið til umfjöllunar í fjölmiðlum seinni ár. Hópar sem hafa látið kynferðisbrot sig varða umfram önnur brot gagnrýna sýknudóma sem og refsíákvarðanir þegar sakfelld er. Öll mál sem tengst hafa rannsókn svokallaðra hrunmála hafa verið gagnrýnd vegna linkindar

ákærvalds og dómstóla. Önnur mál sem hafa hefðbundinn pólitískan vinkel verða alltaf umfjöllunarefni og eðli málsins samkvæmt verður niðurstaða slíkra mála alltaf umdeild.

Málefnaleg gagnrýni á dómstóla er nauðsynleg og sjálfsögð eins og á aðra sem fara með mikilvægt vald. Þeir sem það gera á opinberum vettvangi verða hins vegar að hafa til þess forsendur og gagnrýna niðurstöður dóma á málefnalegan og rökstuddan hátt í stað þess að vísa til óskilgreinds réttlætis eða sanngirnis. Gagnrýnendur verða einnig að átta sig á því að dómurum ber að dæma eftir lögnum og engu öðru.

Umfjöllun fjölmiðla um dómstóla ber nú orðið keim af pólitískri umfjöllun. Niðurstaðan er röng vegna þess að hún er ekki réttlát eða sanngjörn út frá lífsviðhorfum eða skoðunum gagnrýnandans. Þessari nálgun þarf að breyta og lögmenn, dómamar og fræðimenn þurfa að standa sig betur við að upplýsa almenning um störf dómara, hvaða álitaefti eru í hverju máli, hvaða

réttarheimildir og lögskýringarleiðir eru tækar o.s.frv. Ljósvakamiðlar geta einnig tekið sig á og gert fræðandi þætti um dómsmál, rekstur þeirra og hvernig á að leysa úr flóknum viðfangsefnum. Þá er eins líklegt að traust almennings á dómstólum fari vaxandi á ný.

Til þess að auka traust á dómstólum þarf einnig að tryggja að almennt veljist mjög hæfir einstaklingar í dómarsæti. Til að svo verði þurfa kjör þeirra að vera samkeppnishæf við almennan markað og aðra opinbera starfsmenn. Einnig þurfa starfsaðstæður að vera góðar. Álag á dómstóla nú um stundir er óheyrilegt og mörg þung og erfið mál eru til meðferðar og mun fjölga. Löggjafinn og framkvæmdarvaldið verða að tryggja með öllum tiltækum ráðum að dómstólar ráði við þessi verkefni. Það er ekkert val um það þótt að kreppti í fjármálum ríkisins því ef grunnstoðir samfélagsins virka ekki er ekki hægt að tala um eiginlegt samfélag, hvað þá réttarríki.

LAGANÁM

VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Lagadeild Háskólans í Reykjavík útskrifar framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára nám til BA-gráðu.
- 2ja ára nám til meistaragráðu.
- 3ja-4ra ára nám til doktorsgráðu.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

Árangursríkur málflutningur



Kennarar námskeiðsins voru þau Ingveldur Einarsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Gestur Jónsson.

TILRAUN TIL AÐ KENNA lögmönnum munnlegan málflutning varð eitt vinsælasta námskeið haustannar 2010 er lögmenn á öllum aldri fylltu kennslustofu Lögmannafélagsins til að hlusta á þrjá reynslubolta úr réttarsal fjalla um málflutning fyrir dómstólum. Þetta voru þau Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, en hann hefur gegnt störfum dómara, saksóknara og lögmanns, Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands og Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður hjá Mörkinni lögmannsstofu sem hefur starfað í lögmennsku í 35 ár.

Tilgangur munnlegs málflutnings

Tilgangur munnlegs flutnings er að sannfæra dómara um að dæma skjólstæðingi lögmanns í hag og koma fram

með gagnrök við málsástæðum sem fram hafa komið í stefnu/greinargerð lögmanns gagnaðila. Það er algengur misskilningur að munnlegur málflutningur sé til lítils gagns, að dómari sé búinn að móta afstöðu sína til mála við lestur dómskjala og ólíklegt að hann skipti um skoðun. Þvert á móti eru mörg mál svo tvísýn að dómari er ekki með mótaða afstöðu til sakarefna og í þeim málum geta vönduð vinnubrögð munnlegs málflutnings gert gæfumuninn.

Munnlegur málflutningur er tækifæri til að ...

- Svvara spurningum og eyða efasemdum dómara.
- Minna dómara á mikilvægu röksemdir þínar í málinu.
- Andmæla kröfum gagnaðila og að reyna koma í veg fyrir að sjónarmið hans verði ofaná.
- Sannfæra dómara um að þú hafir íhugað málið vel og sért kunnug/ur hverju smáatriði.
- Sannfæra dómara um það að þú sért boðberi góðs og réttláts málstaðar.

Undirbúningur málflutnings

Málflutningsræða er til fyllingar stefnu og greinargerð en allar málsástæður eiga að vera komnar fram. Forsenda góðs munnlegs málflutnings er vandadur undirbúningur í upphafi. Lögmenn þurfa að hugsa mál frá öllum hliðum til að reyna að minnka líkur á að eitthvað óvænt komi upp á við aðalmeðferð og vera tilbúnir með áætlun um hvað leggja ber sérstaka áherslu á.

Lögmenn þurfa að gefa sér allan þann tíma sem þarf þegar þeir eru að vinna að stefnu því á henni eru

málsástæður byggðar og lagarök. Hún þarf að vera vel og skipulega upp sett og þegar hún er rituð er mikilvægt að skrifa samhlíða niður helstu punkta fyrir munnlegan málflutning. Í greinargerð skal takast á við málsástæður og lagarök stefnanda.

Það er einfaldara að bregðast við með greinargerð stefnda því þá hefur lögmaður framsetninguna hjá stefnandanum. Þá er mikilvægt að bregðast við öllum sjónarmiðum sem þar koma fram, ekki einungis þau sjónarmið sem er þægilegt að takast á við heldur öll sem koma fram.

Við samningu málflutningsræðu þurfa lögskýringargögnin að vera komin fram, s.s. Alþingistíðindi, dómasafn Hæstaréttar, héraðsdómar, erlendir dómar og fræðirit.

GÓÐ RÁÐ

- Gerðu ekkert annað en að lesa málið í byrjun og allt sem því viðkemur.
- Aldrei að flytja mál nema þú hafir velt upp öllum hliðum málsins, ert með fræðin á hreinu og hafir kynnt þér mikilvægu fordæmi.
- Hafðu röksemdarfærsluna lögfræðilega.
- Skipulegðu öll gögn sem þú ætlar að nota við málflutninginn og settu upp efnisyfirlit, bæði fyrir málskjöl og hliðsjónargögn, til að gera fundið þau tafarlaust í málflutningi.
- Búðu þig undir hið óvænta. Mörg mál snúast um gagnstæða hagsmuni og það er alls ekki sjálfgefið hvernig þau enda.



Í réttarsalnum

Tilhlýðileg virðing við réttinn er grundvallaratriði en lögmenn og dómara eru þjónar réttarins. Lögmaður skal mæta tímanlega í dómsal, vera vel til hafður í klæðaburði og koma fram af reisu. Áður en þinghald hefst á hann að vera búinn að koma gögnum málsins fyrir við ræðupúltið ef hann flytur málið fyrir stefnanda en annars á hann að hafa gögn tilbúin til notkunar.

Lögmaður á að forðast það að láta málsaðila sitja við hlið sér. Slíkt getur valdið truflun, enda hættir þeim til að vilja hvísla að lögmanni sínum. Lögmaður er að störfum í dómsal þótt hann sé ekki að tala. Þar er enginn hvíldartími.

Lögmaður stefnanda situr hægra megin frá dómara séð og lögmaður stefnda vinstra megin.

GÓÐ RÁÐ

- Slökkvið á gsm sínum.
- Mætið í skikkju í aðalmedferð.
- Standið upp þegar dómari gengur í og úr dómsal.
- Kynnið ykkur fyrir dómara um í fyrstu skiptin.

Hvernig á að flytja mál?

Byggið málflutning á heilbrigðri skynsemi, leiðið fram staðreyndir og dragið ályktanir af þeim. Það er grunnatriði í málflutningi að lögmenn þjálf sig í ræðumennsku. Málflutningur á að vera í samræðutón en þó þannig að heyrast vel um dómsalinn. Hvorki má tala of hratt né hægt og varast ber að vera eintóna. Best fer á því að hafa ræðupunkta og leggja út frá þeim en ekki að þylja upp skriflega ræðu. Mikilvægt er að ná góðu valdi á notkun þagna en of langar þagnir benda oftast til lélegs undirbúnings.

Lögmaður hefur ræðu sína á því að ávarpa dóminn „Virðulegi dómur“ og gagnaðila með „Háttvirtu lögmaður stefnda/stefnanda“. Lögmaður á síðan að kynna sig og fyrir hvem hann flytur málið. Lögmaður á að nota þetta ávarp bæði í fyrri og seinni ræðu, sé hún haldin.

Mikilvægt er að hefja málflutning af krafti en það ræðst hins vegar af eðli máls hvort fylgja eigi framsetningu máls í stefnu. Sum mál eru með flata uppbyggingu þar sem aðeins þarf að sýna fram á réttmæti einnar málsástæðu í sókn eða vörn en önnur mál eru flóknari þar sem sýna þarf fram á réttmæti einnar málsástæðu af annarri.

Uppsetning málflutningsræðu

1. Ávarp.
2. Lesa upp dómkröfu samanber stefnu og greinargerð.
3. Kynna ágreininginn í stuttu máli.
4. Stefnandi reifar málavexti og vísar til dómskjala. Stefndi gerir athugasemdir við reifun stefnanda og kemur á framfæri því sem hann telur ekki rétt í málavaxtalýsingu stefnanda. Stefndi á hins vegar ekki að reifa málavexti á ný, en sé hann sammála málavaxtalýsingu stefnanda tekur hann það fram.
5. Lögmaður fer yfir málsástæður og setur fram rökstuðning fyrir dómkröfunni, sönnunargögn fyrir staðreyndum og vitnaframburð. Þetta styður hann með lagarökum og tilvísunum í dómvenjur og fræðirit. Best er að koma fram með sterkustu röksemdina fyrst og fá þannig dómara strax á sitt band.
6. Gagnrök byggð á sönnunargögnum og lagarökum. Andmæli við einstökum kröfum og staðhæfingum.



Úr réttarhaldi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. (Úr myndasafni LMFÍ).

Markmið munnlegs málflutnings er að rökstyðja kröfur umbjóðanda í því skyni að dómari fallist á þær og andmæla kröfum gagnaðila til að koma í veg fyrir að dómari fallist þá þær. Til þess geta bókanir verið nauðsynlegar og framlagning sönnunargagna þjóna sama tilgangi.

Ekki skal reifa dómafordæmi í löngu máli heldur vísa nákvæmlega í fyrirbyggjandi skjal sem dómari hefur fyrir framan sig. Það getur verið árangursríkt að nota skýringarmyndir, töflur, gröf, ljósmyndir eða hreyfimyndir, en rétt er þó að stilla slíku í hóf þar sem slíkt getur virkað á dómara eins og kennslustund.

Þegar ræðutími lögmanns er búinn skal hann hætta sem allra fyrst en mikilvægt er að virða þau tímamörk sem ákveðin hafa verið við undirbúning aðalmeðferðar. Varast ber að spyrja dómara hve mikinn tíma lögmaður á aflögu.

Fyrst flytur lögmaður stefnanda málflutningsræðu og svo lögmaður stefnda. Það er engin skylda að flytja seinni ræðu og þær eiga vera mjög stuttar. Þá gerir lögmaður stefnda athugasemdir við ræðu stefnanda og öfugt. Hvorugur lögmanns á að segja það sem hægt hefði verið að segja í fyrri ræðu og eins ber að fordast að

endurtaka það sem þegar hefur komið fram.

Rétt er að fara varlega með grín í dómsal og ef því er beitt þá skal það snúa að sjálfum lögmanninum, ekki að lögmanni gagnaðila. Skætingur, háðs-glósur og lítilsvirðandi ummæli fara illa í dómara og eru ekki til þess fallin að gera málflutning lögmanns trúverðugan. Best er að byggja málflutning á heilbrigðri skynsemi, leiða fram staðreyndir, draga ályktanir af þeim og hafa alla röksemdarfærslu lögfræðilega.

GÓÐ RÁÐ

- Settu rökstuðninginn fram á eins einfaldan hátt og unnt er en þitt hlutverk er að einfalda flókna hluti. Því einfaldara því betra og því styttra því betra.
- Ef þú ert með góðan málstað er ekki flókið að sýna fram á hann.
- Settu fram röksemdir sem þær einu réttu en ekki sem þína skoðun. Byrjaðu á veigamestu röksemdunum.
- Ekki grípa frammí og sparaðu notkun hástemmdra lýsingarorða, s.s. „ömurlegt“ „hræðilegt“ o.s.frv.
- Ekki sleppa neinu sem skiptir máli.

Dómarinn

Lögmaður flytur mál fyrir dómara og á því að snúa að honum en ekki lögmanni gagnaðila eða áhorfendum. Best er að reyna mynda tengsl við dómara með því að horfa eins mikið í augu hans og hægt er. Í fjölskipuðum dómi er gott að reyna ná sambandi við alla dómara og horfa í augu þeirra til skiptis. Varast ber að horfa einungis og tala til forseta dómsins eða þess dómara sem spyr mest. Dómara ber að ávarpa í þriðju persónu og aldrei að nota skírnamnöfn dómara eða lögmanns í dómsal. Lögmenn ættu að reyna eftir megni að auðvelda dómara að fylgjast með og skilja málflutninginn. Það er til dæmis gert með því að auðkenna það sem skiptir máli í hliðsjónargögnum. Ef verið er að fjalla um tölur eru súlurit og línurit af hinu góða og í flóknum málum getur „tímalína“, sem lýsir tímaröð atburða verið mjög gagnleg.

Það er dómarsans að stýra þinghaldinu og spyrji hann spurninga er það ekki gert af fjandskap í garð lögmanns heldur miklu fremur til að aðstoða hann. Taka ber spurningum fagnandi en þó skal aldrei hrósa fyrir góða spurningu. Leggi dómari fram spurningu skal ekki svara dómara því að komið verði að því atriði síðar. Ef lögmaður veit ekki svarið skal hann viðurkenna það og ef hann er ekki viss skal hann svara með fyrirvara. Það er í lagi að spyrja hvort dómari hafi spurningar og óska skýringa á þeim ef þess er þörf en snúa sér svo aftur að ræðunni eftir að hafa svarað spurningunni.

Lögmaður verður að fylgjast með hvort málflutningur hans sé að ná í gegn. Ef dómari er að missa athyglina er rétt að breyta um tóntegund, vísa á ákveðna blaðsíðu í gögnum og bíða eftir að hann fari að fletta. Það er heldur ekkert að því að leggja til að tekið verði hlé á löngu þinghaldi.

GÓÐ RÁÐ

- Best er að tala til dómara eins og ungur lögmaður að ræða við sér eldri og reyndari.
- Gættu hófsemi í tilvitnunum.
- Aldrei grípa fram í fyrir dómara.
- Ekki segja „við“ og eiga þá við þig og dómara.
- Ekki vísa til fyrri dóma dómara.
- Ekki kenna dómara lögfræði!

Lögmaður gagnaðila

Það er hlutskipti lögmannna að leiða fram mismunandi sjónarmið skjólstæðinga sinna.

Staða lögmanns stefnda er mun erfiðari þar sem hann þarf að búa yfir meiri sveigjanleika og veita andsvör við ræðu lögmanns stefnanda. Best er að mótmæla atriðum sem lúta að formi og afgreiða þau áður en byrjað er á efnisatriðum.

Lögmaður þarf að mótmæla kröftuglega mikilvægum atriðum hjá gagnaðila sem dómari virðist hafa velþóknun á en eyða litlum sem engum tíma í atriði sem dómari virðist ekki hafa fallið fyrir í ræðu lögmanns stefnanda.

Eftir að lögmann hafa tekist á í réttarsal eiga þeir að takast í hendur til að sýna að deila þeirra sé ekki persónuleg.

Skjólstæðingurinn

Þegar lögmaður ræðir við skjólstæðing er rétt að fara yfir málið og velta upp öllum þáttum þess. Sé niðurstaðan sú að láta á reyna á málið fyrir dómstólum er mikilvægt að farið sé yfir hvað til er af gögnum til grundvallar málinu og hverjir það eru sem hugsanlega geta komið fram með upplýsingar um það sem sanna þarf.

GÓÐ RÁÐ

- Mundu að fyrir skjólstæðingi þínum ert þú að reka „stóra“ málið.
- Vertu í stöðugu sambandi við skjólstæðing á meðan málið er rekið. Reyndu að fá hann til að mæta í málflutninginn og hlusta á ræðuna þína, ræðu gagnaðila og spurningar dómara.
- Skjólstæðingur sættir sig betur við mál sem tapast hafi hann hlustað á málflutninginn.

Vitnin

Það er hluti af gagnaöflun að tala við alla sem geta aðstoðað við að upplýsa málið. Nauðsynlegt er að tala við vitni fyrirfram til að geta lagt niður fyrir sig hvort þau eru hagstæð eða eigi að koma fyrir réttinn.

Það er málstað manna til framdráttar að koma fram við vitni af kurteisi og virðingu. Lögmönnum ber að orða spurningar sínar til vitna með ákveðnum hætti en ekki má spyrja tvíxæðra, óákveðinna, veiðandi, móðgandi eða særandi spurninga. Dómari getur svipt lögmann réttinum til að spyrja vitni sé hann að reyna að veiða vitni í gildru. Þannig verða þau órugg, hrædd og jafnvel tvísaga. Fyrir vikið verður vitnisburður þeirra einskis virði.

GÓÐ RÁÐ

- Frásögn eins aðila sannar ekkert. Ef í ljós kemur að hvorki eru til gögn né vitni að ákveðnu atriði er betra að sleppa þeirri málsástæðu jafnvel þótt skjólstæðingur telji það skipta máli.

Nokkur atriði

1. Mál ráðast af aðalatriðunum. Reyndu að horfa á stóru myndina.
2. Þú veist aldrei hvað flugu fiskurinn tekur.
3. Þeir sem virða ekki leikreglurnar haldast ekki lengi í lögmannsku.

Eyrún Ingadóttir tók saman

RÝMI 75 ÁRA
1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki



Afmælis-tilboð á hillum -20%

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Ginur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Erum flutt í Brautarholt 26, 105 Reykjavík, sími 511-1100 - rymi@rymi.is - www.rymi.is

Golfsumarið 2011

Jafntefli sætasti sigurinn



Guðmundína Ragnarsdóttir slær upphafshögg sitt á fyrstu holu á meistaramóti LMFÍ.

Minningarmót

Minningarmót LMFÍ 2011 um Guðmund Markússon, hrl., og Ólaf Axelsson, hrl., fór fram hinn 10. júní sl. á Leirdalsvelli hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Aðstæður til golfiðkunar voru nokkuð erfiðar þennan dag, enda frekar hvasst og kalt í veðri. Alls tóku 24 golfarar úr lögfræðingastétt þátt í mótinu.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar):

1. Jóhannes Eiríksson.
2. Bogi Nilsson.
3. Jóhannes Bjarni Björnsson.

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Jóhannes Bjarni Björnsson.
2. Bogi Nilsson.
3. Jóhannes Eiríksson.

Keppni við tannlækna

Golfmót lögmanna og tannlækna fór fram á golfvellingum í Þorlákshöfn þann 5. júlí sl. Tólf valinkunnir golfarar skipuðu hvort lið og var keppnisfyrirkomulagið venju samkvæmt fjórleikur þar sem tveir leikmenn úr hvoru liði leika betri bolta sínum gegn betri bolta tveggja leikmanna úr hinu liðinu. Mættu tannlæknar til leiks með nýjan DENTALEX bikar með sínu nafni á þar sem lögmenn höfðu ekki séð sér fært að mæta til leiks árið áður. Árin þrjú þar á undan báru lögmenn þó sigur úr bytjum og unnu með því bikarinn til eignar. Lögmenn voru ákveðnir í að sækja hart fram og gefa tannlæknum ekki tækifæri til að bæta nafni sínu á bikarinn öðru sinni.

Aðstæður voru að öllu leyti ákjósanlegar til golfiðkunar og veður gott - því heyrðist þó hvíslað að oft hefði það getað komið sér vel að fá

örlitla hjálp frá vindinum við að blása kúlunni aftur á rétta braut. Það var þó lítið hægt að treysta á aðstoð náttúrunnar og urðu því leikmenn öðru fremur að reiða sig á eigin leikni og reynslu til að sigra andstæðinginn. Þegar öll lið höfðu skilað sér í hús var ljóst að lögmenn höfðu tryggt sér sigurinn með fjórum vinningum á móti tveimur og hinn nýi bikar var því afhentur lögmönnum til vörslu fram á næsta sumar.

Keppni við lækna

Lögmenn kepptu að vanda við lækna á Strandarvelli á Hellu síðasta sunnudaginn í júní. Leikinn var fjórleikur og fyrir hönd lögmanna lék einvala lið tuttugu lögmanna og lögfræðinga. Veðrið og allar aðstæður léku við vaska keppendur og var það almennur rómur að völlurinn væri betri og betri með árunum. Lögmenn héldu bikarinn á jafntefli þar sem þeir höfðu unnið bikarinn mjög sannfærandi árið áður. Var fyrirliða lögmanna svo að orði: „Jafntefli er sætasti sigurinn“.

Meistaramót lögmanna

Síðastliðið sumar var tvívegis hart barist á Hólmsvelli í Leiru. Í fyrra skiptið um Íslandsmeistaratitilinn í golfi og í það síðara um sjálfan lögmennabikarinn. Þann 23. ágúst leiddu saman hesta sína 30 af færustu kylfingum stéttarinnar og léku golf við úrvalsaðstæður. Keppt var í högggleik með og án forgjafar í sameinuðum flokki karla og kvenna og urðu úrslit sem hér segir:

Högggleikur án forgjafar

1. Gunnar Þór Ásgeirsson 73 högg
2. Haukur Örn Birgisson 77 högg
3. Friðrik Arngrímsson 77 högg



Verðlaunahafar meistaramótsins. F.v. Haukur Örn Birgisson, Guðni Á. Haraldsson, Gunnar Þór Ásgeirsson, Friðrik Arngrímsson, Pétur G. Thorsteinsson og Gunnar Jónsson.

Höggleikur með forgjöf

1. Friðrik Arngrímsson 65 högg
2. Gunnar Þór Ásgeirsson 68 högg
3. Pétur G. Thorsteinsson 70 högg

Nándarverðlaun fengu þeir Gunnar Jónsson og Guðni Á. Haraldsson en Pétur G. Thorsteinsson reyndist högglangstur keppenda á 18. holu vallarins. Friðrik Arngrímsson vann sér inn bikarinn góða og verður hann í vörslu hans næsta árið.

Golfnefnd LMFÍ



Verðlaunahafar minningarmóts. F.v. Bogi Nilsson, Jóhannes Bjarni Björnsson og Jóhannes Eiríksson.



Úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja

74% stjórnenda telja það skipta miklu máli að atvinnulífið fari eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Styrktu stjórnarhætti þíns fyrirtækis í samræmi við nýtt matsferli sem kynnt var á Viðskiptabingi.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Guðmundsdóttir í síma 545 6149 eða í tölvupósti bgudmundsdottir@kpmg.is

kpmg.is





Lögmenn unnu hinn nýja DENTALEX-bikar. F.v. Magnús Kristinn Ásgeirsson og Hannes Ríkharðsson.

Af Merði lögmanni

Mörður hefur verið í Framsóknarflokknum frá fæðingu eins og flestir ef ekki allir Strandamenn. Á Ströndunum hafa einnig allir helstu forystumenn Framsóknarflokksins verið efstir á lista. Það var því Merði afar þungbært þegar erfðaprinsinn yfirgaf Flokkinn nýlega. Sýnist Merði helst að harmonikkuleikur með iðjuleysingjum úr 101 Reykjavík hafi afvegaleitt unga prinsinn. Iðjuleysingjarnir munu vera frjálslyndir, víðsýnir, alþjóðasinnar og grænir. Frjálslyndi og víðsýni eru orð sem Mörður heyrði fyrst á háskólaárunum og tengdi það helst við frjálsar ástir og vímuefnaneyslu. Á þeim árum voru helst kommúnistar sem töldu sig alþjóðasinna og orðið grænn var notað um þá sem þóttu heimskir. Grænn er að vísu litur Framsóknarflokksins en það hefur að sjálfsögðu ekkert með heimsku að gera.

Merði hefur nú verið sagt að þeir sem eru frjálslyndir, víðsýnir og alþjóðasinnar vilji ganga í ESB. Mörður er afar andsnúinn aðild að ESB af mörgum ástæðum. Í ESB löndunum er t.d. enginn alvöru Framsóknarflokkur og engin kaupfélög. Og fyrr mun Mörður dauður liggja en selja gráðugum kaþalístum Evrópu sveitir landsins. Þá mun aðgerðarsinninn Mörður taka til sinna ráða og hlekkja sig við fjarskiptamöstrin í sveitunum.

Þá skilur Mörður ekkert í öllum þessum innflutningi. Í hans sveit var viðkvæðið að sem ekki fengist í kaupfélaginu það vantaði ekki á heimilið. Bændur þessa lands geta skaffað allt sem þessi þjóð þarf og endalaust vöruúrval frá Evrópu skapar bara óróa og óþarfa eyðslu. Merði finnst að við eigum ekki að vera að flytja inn það sem nóg er af fyrir, eins og matvæli og glæpamenn.

Svo finnst Merði tóm t vesen með alla þessa mannréttindalöggjöf frá ESB. Það er varla lengur hægt að koma glæpamönnum bak við lás og slá vegna einhverra óskiljanlegra mannréttindareglna. Og þá sjaldan sem það er hægt verða þeir að búa við rándýran lúxus samkvæmt einhverjum Evrópusáttmálum um réttindi óyndismanna. Það er heldur ekki lengur hægt að taka í hnakkadrambið á óþekktum krakkaormum vegna einhverra sáttmála um réttindi barna. Í stað þess að veita þeim ærlega flengingu, sem er allra meina bót, hlaupa þau nú um allar trissur ofvirk eða lyfjuð, nema hvorttveggja sé.

Nei, þeir sem eru eldri en tvævetur, eins og Mörður, vita að frjálslyndi, víðsýni og ESB er ekki það sem íslensk þjóð þarf. Hún þarf reglu, iðjusemi og aga á heimilum og skólum. Nauðsynlegt að taka upp kenngslu aftur í átthagafræðum og biblíusögum í stað þess að rugla ungdóminn með alls konar listnámi og mannréttindavaðli sem gerir þau að iðjuleysingjum og alþjóðasinnum.

Mörður, sem er skyggur eins og flestir í hans ætt, hefur verið í sambandi við Jón forseta, Fjölnismenn og aðrar gamlar sjálfstæðishetjur, sem líða kvalir yfir þróun mála. Jón forseti kom þeim skilaboðum til Marðar að það færi afskaplega í taugarnar á honum þegar ráðamenn hömpuðu honum á tyllidögum en væru búnir að gleyma fæðingarstað hans í öllum æsingnum við að koma þjóðinni undir erlent vald. Hefur Mörður verið beðinn um að koma þeim skilaboðum til þjóðarinnar frá Jóni að hún verði að kjósa Framsóknarflokkinn í næstu kosningum, annars mun hún leiðast inn á braut glötunar. Einnig að Ingibjörg hafi ekki verið svona ófríð eins og ætla má af myndum.

Langaði að gera eitthvað allt annað

Viðtal við Valtý Sigurðsson hrl.

VALTÝR SIGURÐSSON HEFUR átt farsælan starfsferil og segja má að hann hafi lokað ákveðnum hring með þeirri ákvörðun sinni að koma til starfa sem hæstaréttarlögmaður hjá LEX lögmennsstofu. Starfsferill hans spannar rúm 40 ár og hefur Valtýr á meðal annars starfað sem dómarafulltrúi, héraðsdómari, borgarfélagi, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins og ríkissaksóknari. Þá hefur Valtýr gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, s.s. formennsku Dómarafélags Íslands, setið í stjórn Lögræðingafélagsins, Tölvunefndar (nú Persónuvernd), úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem formaður í kærunefnd fjöleignahúsamála og kærunefndar húsaleigumála.

Áður en við dembum okkur í yfirferð yfir litríkan starfsferil, þá leikur mér forvitni á að vita af hverju þú valdir lögfræði sem námsgrein?

Lögfræði kom ekki fyrst upp í hugann, heldur tannlækningar sem helgaðist af því að það voru svo margir Siglirðingar í tannlæknanámi í Þýskalandi þegar ég var ungur. Mér þótti þetta spennandi land og fannst ég þurfa að læra tannlækningar til að komast þangað. Svo varð nú eitthvað minna úr því þegar nær dró og ég innritaði mig í lögfræði ásamt vinum mínum. Á þessum árum var það annað hvort lögfræði eða viðskiptafræði sem átti upp á pallborðið. Ætli það hafi ekki verið faðir minn sem hafði endanleg áhrif á það að lögfræði varð fyrir valinu fremur en viðskiptafræði. Seinna fór ég svo í framhaldsnám til Þýskalands.

Hvað tók síðan við að loknu lögfræðináminu?

Það var starf dómarafulltrúa hjá bæjarfélaginu í Keflavík vorið 1971. Við vorum þarna tveir fulltrúar, ég og Jón Eysteinnsson síðar bæjarfélagi. Þarna var ég í alls 17 ár enda fannst mér starfið

ákaflega skemmtilegt. Einnig voru þar örar breytingar, umdæmið stækkaði og síðan var stofnað þar embætti héraðsdómara sem ég gegndi.

Hvað er þér minnstæðast frá þessum árum?

Ætli það sé ekki aðkoma mín að Geirfinnmálinu árið 1974.

Það má segja að örlagaþræðirnir taki að spinnast þegar við tókum ákvörðun á fyrsta degi að rannsaka hvarf Geirfinns ítarlega sem hugsanlegt sakamál.

Sennilega má segja að hvarf Geirfinns sé með frægustu sakamáli hér á landi og nú liggur meðal annars fyrir krafa um endurupptöku þess. Hefur þú fylgst náið með málinu í seinni tíð?

Ég rifjaði málið upp og skrifaði greinar í Morgunblaðið 31. október 1998 þar sem ég sagðist m.a. bera stjórnunarlega ábyrgð á upphafsrannsókninni. Tilefnið var að Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra, sagði m. a. á opinberum vettvangi að menn hefðu gert mynd af ákveðnum einstaklingi sem greinilega hafi verið skipulegt samsæri. Orðrétt sagði hann: „Menn hafa aldrei farið ofan í þessi mál og þeir aðilar sem báru ábyrgð á því hafi aldrei þurft að mæta því.“ Þetta var svo víðsfjarri sannleikanum og menn farnir að rugla öllu saman. Geirfinnur hvarf 19. nóvember 1974. Við í Keflavík hættum rannsókn málsins eftir nokkra mánuði og án þess að nokkur maður væri yfirheyrdur sem grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns. Málið er síðan tekið upp í Reykjavík með handtöku fjögurra saklausra einstaklinga. Þar var um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á þessa aðila ef böndin færu að beinast að þeim sjálfum, svo notað sé orðalag úr héraðsdómi 1980. Þetta gerist um ári eftir að málinu lauk hjá embættinu í Keflavík. Okkar aðkoma að þeim hluta málsins var engin og kom handtakan okkur jafn mikið á óvart og öðrum

landsmönnum. Við rannsókn málsins í Reykjavík var aldrei haft samband við okkur. En til að svara spurningunni þá hef ég ekkert sérstaklega fylgst með þessu umfram það sem það hefur snúist um frumrannsóknina.



Valtýr Sigurðsson.

Hver var þælingin með „Leirfinn“? Var það þín hugmynd?

Við vorum annars vegar að rannsaka mannshvarf og hins vegar að reyna að finna mann sem kom í Hafnarbúðina og fékk að hringja á sama tíma og hringt var í Geirfinn og hann fór þangað. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík setti saman mynd af manningum með aðstoð tveggja afgreiðslustúlkna í Hafnarbúðinni. Myndin var ekki birt þar sem þær voru óánægðar með hana. Þá kom upp hugmynd myndlistakonun í Keflavík að móta leirmynd af manningum eftir teikningum og með aðstoð stúlkanna. Mér þótti þetta góð hugmynd til að samræma sjónarmið þeirra. Þegar leirmyndin var tilbúin fékk ég fund þann 26. sama mánaðar með fulltrúa dómismálaráðuneytisins og helstu sérfræðingum sakadóms Reykjavíkur þar sem ég gerði grein fyrir málinu. Þar var samþykkt að birta myndina og var það

gert þá um kvöldið. Frá fundinum var ítarlega greint í Morgunblaðinu næsta dag. Þannig leið ekki nema vika frá hvarfi Geirfinns þar til leirmyndin var birt. Í því ljósi er það ævintýrleg kenning að búin hafi verið til leirmynd af ljósmynd af ákveðnum manni til að birta í fjölmiðlum og ræða síðan aldrei við hann.

Hvernig var vinnuumbverfið og aðstaðan hjá bæjarfógetanum í Keflavík á þessum tíma?

Hún var mjög góð og mér leið vel þar í þessu litla samfélagi. Við vorum þarna ungir og hressir fulltrúar, Sveinn Sigurkarlsson, Jón G. Briem o.fl. Við keyrðum á milli Reykjavíkur og Keflavíkur á hverjum degi og áttum einn bíl saman sem við notuðum í þetta. Ein Lada station keypt á hverju ári fyrir þennan túr! Einnig kom þarna gott fólk á kúrsus, Markús Sigurbjörnsson, Benedikt Sigurðsson, Brynjólfur Eyvindsson og Guðjón Ármann svo að nokkrir séu nefndir. Ég var þarna í alls 17 ár – tíminn leið mjög fljótt. Maður var jú þarna allt í öllu bæði saksóknari og dómari. Ákærvaldið sást þarna aldrei nema þegar um landhelgisbrot var að ræða.

Hvað tók við hjá þér eftir Keflavík?

Nú ég sótti um stöðu borgarfógetans í Reykjavík árið 1988 og fékk hana. Hér var ég kominn á annan mjög skemmtilegan vinnustað. Bæði var starfið mjög fjölbreytt, mikil aksjón í fógetaréttinum, innsetningar, lögbönn og þess háttar og eins var mikið af úrvals starfsmönnum. Það var mikið unnið hjá þessu embætti og það sérkennilega var að yfirborgarfógetinn, Jón Skaftason, rak embættið meira og minna með því að greiða starfsfólkinu viðbótarlaun eftir ákveðnu kerfi og notaði til þess hluta af aukatekjum sínum.

Þá var ég kominn í stjórn Dómarafélags Íslands og aðskilnaður milli dómvalds og framkvæmdavalds í héraði var þar stórt verkefni. Aðskilnaðurinn var gríðarmikil breyting og ekki eins sjálfsgöð og ætla mætti í dag. Sem dæmi

má nefna að þegar þær hugmyndir voru kynntar á fundi Dómarafélaginu, man ég að formaður félagsins sagði að þessar breytingar ættu vel við erlendis en hér á landi þyrftum við ekki á þeim að halda. „Dómsstörfin verða ekki tekin af sýslumönnum. Það er til pólitískt vald í þessu landi og því verður beitt gegn svona hugmyndum!“ Af þessu máli spruttu þannig miklar deilur og það reyndist þrautinni þyngri að koma því í gegn.

Af hverju þessi andstaða við aðskilnaðinn í dómara-stéttinni? Var íbaldssemi um að kenna?

Að hluta til en einnig voru menn að berjast fyrir sínu og halda stöðunni eins og hún var.

Það er líka ríkt í mönnum að óttast breytingar. Þessarar íhaldssemi gætti einnig í sambandi við dómstólalögin en um þau voru sömuleiðis mikil átök innan dómara-stéttarinnar.

Það hefur hins vegar verið ánægjulegt að sjá hvernig dómara-stéttin hefur þróast og hversu sjálfstæðar þessar stofnanir eru. Dómarar eru meðvitaðir um sjálfstæði sitt og tilgang þess. Það er einnig virt af lögmönnum og öðrum. Málin eru tekin fyrir á dómþingum, ekki inni á skrifstofum eða með símtölum. Það heyrði til algerra undantekninga á mínum dómaraferli að lögmenn hefðu samband utan þinghalds til að ræða mál efnislega. Mér finnst þetta raunar merkilegt í þessu landi, þar sem allir sem þurfa að ná einhverju fram segja fyrst: „Við hvern á ég að tala?“ Jafnvel dómara-rnar gera það sjálfir þegar þeir eru komnir út fyrir dómsstörfin.

Sú þjálfun sem menn öðlast í dómara-starfinu í því að láta sannfæringu fyrir réttu lagalegri niðurstöðu ráða og láta ekki undan þrýstingi er gríðarlega þýðingarmikil. Það er því synd að ekki skuli fleiri dómara-r skipta um starf og nýta þessa reynslu á öðrum starfsvettvangi. Dómara-starfið þarf ekki að vera ævistarf.

Síðan breyttir þú aftur um starfsvettvang.

Já, ég ákvað að leysa af tímabundið sem forstjóri fangelsismálastofnunar ríkisins. Nokkrum árum síðar sótti ég hins vegar um starfið enda fannst mér þetta skemmtilegt. Það fyrsta sem ég gerði var að spyrja starfsfólk stofnunarinnar að því hvernig fangelsi það myndi byggja ef það réði. Við settum síðan upp vinnuhóp og gerðum heildstæða áætlun sem fólst m.a. í því að blanda saman opnum fangelsum og lokuðum. Við byrjuðum á uppbyggingu á Kvíabryggju og síðan á Akureyri. Þá átti að ráðast í byggingu fangelsis á Hólmsheiði og viðamikla uppbyggingu á Litla-Hrauni. Við hugsuðum afplánun upp á nýtt og skilgreindum hana. Lögð var áhersla á að fækka endurkomum í fangelsi með því að skipuleggja afplánununa og kenna þeim lífsleikni m.a. að elda sjálfir matinn. Þetta gekk ekki þrautarlaust en hafðist. Ég boðaði til fundar með stjórn Afstöðu, félags fanga, mætti með fartölvuna mína og spurði einfaldlega „hvað væri að“ en kærumálum rigndi yfir stofnunina, ráðuneytið og umboðsmann Alþingis. Við áttum síðan ágætis samstarf sem leiddi til þess að kærumálum fækkaði um hátt í 60%. Því var unnt að fækka um tvo lögfræðinga á stofnuninni og ráða félagsráðgjafa í þeirra starf. Ég hefði viljað ljúka uppbyggingu fangelsanna en til þess vannst ekki tími. Staða þessara mála er hrein hörmungarsaga og enn í daga er deilt um jafn sjálfsagðan hlut eins og þörf á að byggja fangelsi á höfuðborgarsvæðinu.

Haustið 2008 sótti ég um starf ríkissaksóknara. Þá stóð til að gera miklar breytingar á embættinu með frumvarpi um meðferð sakamála, þ.e. að stofna embætti héraðssaksóknara og veita í fjármuni í málaflokkinn. Það var á allra vitorði að embætti ríkissaksóknara hafði verið fjárvana um langt skeið. Ég var hins vegar fullvissaður um að breyting yrði þar á. Embættið yrði að stjórnunarembætti en málareksturinn myndi að mestu færast til



héraðssaksóknaranna. Þá féllst ráðherra á þá tillögu mína að fjárveitingar vegna embættanna færu í gegnum embætti ríkissaksóknara. Þetta hefði verið í samræmi við fyrirkomulag á hinum Norðurlöndunum. Úr þessu varð ekki og því er embættið eins veikburða og það er í dag.

Maður spyr sig hvað valdi því að þetta embætti, sem er yfir öllu ákærvaldi í landinu, skuli vera í þessari stöðu. Forveri minn, Bogi Nilsson, skrifaði ráðuneytinu bréf þar sem hann benti á að verið væri að vega að sjálfstæði embættisins með þessu fjársveldi. Þessum söng hélt ég áfram og núverandi ríkissaksóknari er byrjaður á sömu rullunni. Það hefur til að mynda ekki verið fjölgað í starfslöðunni í 10 ár og fjárveitingar með þeim hætti að embættið hefur ekki efni á að gefa út ársskýrslu. Ég hef sagt að þetta sé hrein aðför að embættinu. Þrátt fyrir þetta hefur gengið að sinna daglegum málum enda úrvals starfsfólk. Sérlega alvarlegt er hins vegar að embætti ríkissaksóknara hefur hvorki getað sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu né sinnt menntunarkröfum fyrir ákærendur.

Telur þú að þessi vanbúnaður hafi haft einhverjar afleiðingar í för með sér fyrir embættið?

Það er viðbúið að þetta komi niður á þeim skyldum ákærvaldsins að sjá til þess að menn hljóti þá refsingu sem lög bjóða. Vandamálið við ákærvaldið í dag er að heildstæða sýn stjórnvalda skortir og þor til að taka ákvarðanir. Þann 1. janúar 2012 á héraðssaksóknaraembættið að taka til starfa eftir ítrekaðar frestanir. Á meðan þetta er í lausu lofti kemst ákærvaldið hvorki afturábak né áfram. Allir sem vilja vita gera sér grein fyrir því að í stofnun þessa embættis verða ekki lagðar 100 milljónir á næstu árum. Mín skoðun er að við eigum að fækka lögregluumdæmunum, efla þau og auka ákærvaldsmöguleika þeirra. Menn eiga þannig að halda þessu tveggja þrepa kerfi sem er fljótvirkt og skilvirkt. Það sem vantar eru kærheimildir þarna á milli, enda voru það í raun einu rökin fyrir fyrirhugaðri breytingu yfir í þriggja þrepa kerfi. Það má hins vegar leysa með öðrum hætti.

Það má segja að það verði mjög skýr skil á milli starfa þinna þegar þú ákveður að færa þig úr dómara starfinu og í stjórnsýsluna. Var það meiri breyting en þú hugðir í fyrstu?

Já, það er mikill munur þarna á. Maður áttaði sig líka strax á því hversu mikil virðing er borin fyrir dómara starfinu. Þegar á fyrsta degi í starfi mínu sem forstjóri Fangelsismálastofnunar hófust hringingar og heimsóknir. Ráðherrar og þingmenn vildu ræða um afgreiðslu mála og gera kröfu um vistunarstað og þess háttar.

Hvernig kemur það síðan til að þú hefur störf á lögmansstofu?

Það veitti mér ekki lengur ánægju að vera ríkissaksóknari við þessar aðstæður. Enn hef ég næga starfsorku og langaði að gera eitthvað allt annað. Ég átti þess kost að fara til LEX og ákvað að slá til enda er það stór og fjölbreytilegur vinnustaður. Það hefur því verið gaman að fást við hin ýmsu verkefni sem þar rekur á fjörur.



Örugg eyðing gagna í 20 ár

lagervörur – bókhald – skjalasöfn – búnaður
protabú – dánarbú – persónulegir munir ...

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar

Dóm- og skýrslutöktutúlkun

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalabýðandi

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



Störf verjenda og réttargæslumanna - 11. október

Fjallað verður um störf verjenda og réttargæslumanna í sakamálum og áhersla lögð á raunhæf álitaefni. Hvert er hlutverk verjenda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi? Fjallað verður um störf verjenda og réttargæslumanna út frá réttarreglum, dómum og framkvæmd. Í hvaða tilvikum er lögreglu skylt/heimilt að tilnefna réttargæslumann og hvenær á að skipa réttargæslumanns fyrir Hæstarétti? Hvenær er rétt/heimilt að fá dómkvadda matsmenn til að framkvæma ákveðnar athuganir í sakamálum? Rætt verður um ólíkar heimildir til að bera undir dómstóla ákvarðanir lögreglu við rannsókn máls og mismunandi stöðu og heimildir réttargæslumanns og verjenda.

Kennari: Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. hjá JP lögmonnum.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 11. október 2011 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félag í félagsdeild kr. 15.000,-

Áfrýjun og flutningur einkamála fyrir Hæstarétti - 13. október

Á námskeiðinu verður farið í tilgang áfrýjunar, form og efni áfrýjunarstefna, kröfugerð, gerð málsgagna (ágrips) og öflun nýrra gagna, þ.m.t. vitnamál, form og framsetning greinargerðar, undirbúningur málflutnings, málflutningurinn sjálfur, dómsuppkvaðning, uppgjör dómkrafna og kynning á niðurstöðu dóms fyrir umbjóðanda, óskráðar hegðunarreglur sem gilda í málflutningi fyrir Hæstarétti, samskiptareglur lögmanns við umbjóðanda sinn, við lögmann gagnaðila, ásamt samskiptum lögmanns við fjölmiðla.

Kennarar Hákon Árnason hrl. hjá LOGOS og Garðar Gíslason hæstaréttardómari.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 13. október 2011, 16:00-19:00.
Verð: Kr. 27.000,- en fyrir félag í félagsdeild kr. 20.000,-

 Námskeið Lögmannafélags Íslands

Óvígð sambúð - 2. nóvember

Fjallað verður um réttaráhrif óvígðar sambúðar svo sem við slit sambúðar, erfðarétt og framfærslu.

Kennari: Lára V. Júlíusdóttir, hrl. hjá Lögmonnum Laugavegi 3.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Miðvikudagur 2. nóvember 2011 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félag í félagsdeild kr. 15.000,-

Frönsk léttvín og ostar - 3. nóvember

Kynnt verða lífrænt ræktuð léttvín frá Frakklandi og það helsta sem er að gerast í framleiðslu þeirra. Rauðvín og hvítvín frá framleiðendum Chapatier og Pujol verða smökkuð, farið yfir hvaða aðferðir eru notaðar við framleiðslu þeirra og hvað aðgreinir þau frá hefðbundnum vínunum. Smakkaðir verða franskir ostar með vínunum. Athugið takmarkaður fjöldi kemst á námskeiðið.

Kennari: Stéphane Aubergy, frkvstj. Vínkrunnar
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Tími: Fimmtudagur 3. nóvember 2011, kl. 19:30-21:30
Verð: Kr. 9.500,- en fyrir félag í félagsdeild kr. 7.000,-

Vinir og vandamenn lögmannna eru velkomnir á námskeiðið.

Heimildaleit á netinu - 8. nóvember

Farið verður yfir hvaða heimildir er að finna á netinu sem geta nýst lögmonnum við störf þeirra, s.s. hvernig finna á dóma, lög, reglugerðir, námsritgerðir í lögfræði, lagabækur á bókasöfnum, ýmsa gagnabanka o.fl. Farið yfir íslenskar heimasíður, norræna gagnabanka og heimasíður á vegum ESB. Námskeiðið er ætlað fyrir lögmann sem hafa lítið kynnt sér heimildaleit á netinu.

Kennari: Eyrún Ingadóttir, sagnfræðingur og starfsmaður félagsdeildar LMFÍ.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 8. nóvember 2011 kl. 16:00-18:00.
Verð: Kr. 13.500,- en fyrir félag í félagsdeild kr. 10.000,-

Skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmfj.is

Ný skipulagslög og lög um mannvirki - 15. nóvember

Í janúar 2011 tóku gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu breytingar sem hin nýju lög hafa í för með sér.

Kennari: Ívar Pálsson hdl. hjá Landslögum.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 15. nóvember 2011 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild
kr. 15.000,-

Ábyrgð sérfræðinga - 22. nóvember

Fjallað verður almennt um skaðabótaábyrgð sérfræðinga og síðan sérstaklega um skaðabótaábyrgð stjórnenda og stjórnarmanna.

Kennari: Guðmundur Sigurðsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 22. nóvember 2011 kl. 16:00-18:00.
Verð: Kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild
kr. 10.000,-

Skiptastjórn þrotabúa - 29. nóvember

Fjallað verður starf og meginskyldur skiptastjóra frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á þau praktísku álitaefni sem koma upp við skipti þrotabúa, hve lengi skiptastjóra er heimilt að halda eign hjá sér og samskipti við stóra kröfuhafa. Þá verður riftunarmálum gerð skil, úthlutun og lok skipta, og meðferð og ráðstöfun eigna.

Kennarar: Kristinn Bjarnason, hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. hjá JP lögmonnum.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 29. nóvember 2011 kl. 16:00-20:00.
Verð: Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild
kr. 20.000,-

Tilboð: 20% afsláttur fyrir þá sem sækja einnig námskeið um lausn ágreiningsmála í tengslum við gjaldþrotaskipti sem haldið verður 6. desember eða um virðisaukaskattsskil þrotabúa 8. desember.

Lausn ágreiningsmála í tengslum við gjaldþrotaskipti - 6. desember

Farið verður yfir þær málsmeðferðarreglur sem gilda þegar ágreiningur verður við gjaldþrotaskipti. Fjallað verður um hvernig leyst er úr ágreiningi vegna lýstra krafna við gjaldþrotaskipti og hver hafi fyrirvar við slíkan ágreining auk þess sem sérstaklega verður hugað að hlutverki skiptastjóra í þessu sambandi. Þá verður einnig fjallað um önnur ágreiningsmál sem upp geta komið við gjaldþrotaskipti, svo sem um kröfur á hendur öðrum við skiptin, hver fari með fyrirvar fyrir þrotabú þegar um slíkar kröfur er að ræða og þær almennu málsmeðferðarreglur sem um slík mál gilda. Þátttakendum verður boðið upp á að senda fyrirspurnir um einstök atriði áður en námskeið hefst.

Kennari: Ása Ólafsdóttir, hrl. hjá JP lögmonnum og lektor við lagadeild Háskóla Íslands.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 6. desember 2011 kl. 16:00-18:00.
Verð: Kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild
kr. 10.000,-

Tilboð: 20% afsláttur fyrir þá sem sækja einnig námskeið um skiptastjórn þrotabúa sem haldið verður 29. nóvember eða um virðisaukaskattsskil þrotabúa 8. desember.

Virðisaukaskattsskil þrotabúa - 8. desember

Fjallað verður um þær reglur sem gilda um skattsskil þrotabúa til virðisaukaskatts, hvaða skyldur skiptastjóri hefur frá upphafi skipta og til skiptaloka vegna virðisaukaskatts og þau ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sem helst koma til álita við gjaldþrotaskipti. Farið verður yfir ýmis álitaefni sem geta komið upp s.s. sérskráningar og virðisaukaskattskvaðir á fasteignum, sölu eigna til kröfuhafa, frágang skattskila og samskipti við skattyfirvöld.

Kennarar: Soffía Eydís Björgvinsdóttir hdl. hjá KPMG.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 8. desember 2011
kl. 16:00-18:00.
Verð: Kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild
kr. 10.000,-

Tilboð: 20% afsláttur fyrir þá sem sækja einnig námskeið um skiptastjórn þrotabúa sem haldið verður 29. nóvember eða um lausn ágreiningsmála í tengslum við gjaldþrotaskipti 6. desember.

Tilurð og tillögur stjórnlagaráðs



Salvör Norðdal, formaður stjórnlagaráðs, færir Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, tillögur stjórnlagaráðs við formlega athöfn.

MEÐ ÁLYKTUN ALÞINGIS frá 24. mars 2011 skipaði Alþingi 25 manna stjórnlagaráð sem fékk það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Samkvæmt þingsályktuninni var þeim boðið sæti í ráðinu sem landskjörstjórn úthlutaði sæti í kosningu til stjórnlagabings 27. nóvember 2010 en Hæstiréttur hafði hafði áður úrskurðað þá kosningu ólögmaeta.

Í ályktun sinni beindi Alþingi því til stjórnlagaráðs að taka sérstaklega til umfjöllunar undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar; skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra; hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins; sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds; ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan; lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnskipunarlaganna; framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála, umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Stjórnlagaráð skilaði tillögum sínum til Alþingis í formi frumvarps þann 27. júlí sl. en í ofangreindri þingsályktun var

einmítt kveðið á um að tillögnum skyldi skilað á þann hátt. Í tilkynningu sem forseti Alþingis sendi fjölmiðlum í lok ágúst sl. kom fram að tillögur stjórnlagaráðs yrðu lagðar fram sem skýrsla frá forsætisnefnd til Alþingis í byrjun október. Samkvæmt lögum um þingsköp geta þingmenn einir flutt slíkt þingmál og var þessi leið farin til að hægt væri að leggja tillögur stjórnlagaráðs fyrir Alþingi.

Í almennum athugasemdum stjórnlagaráðs við tillögur sínar kemur fram að þær fellu í sér heildarendurskoðun á núgildandi stjórnarskrá og að greinum fjölgi umtalsvert, úr 81 í 114.

Fyrst ber að nefna að ákvæði um mannréttindi hafa verið endurskoðuð, færð fram og um þau fjallað í kafla með yfirskriftinni Mannréttindi og náttúra. Segir í athugasemdunum að leitast sé að tryggja betur rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og að ákvæði hafi færð til nútímahorfs. Jafnræðisreglan er sögð ítarlegri en í núgildandi stjórnarskrá og að sérstaklega sé kveðið á um að öllum skuli tryggður réttur til að lifa með reisu, eins og segir í tillögnum. Þá er gerð tillaga um að öllum börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefjist. Fram kemur í athugasemdunum að upplýsingaskylda opinberra aðila verði stjórnarskrárbundin í samræmi við markmið stjórnlagaráðs um aukið gegnsæi. Þá er réttur fjölmiðla nýmæli í stjórnarskrá samkvæmt tillögum ráðsins.

Stjórnlagaráð gerir að tillögu sinni að auðlindir ekki eru í einkaeigu séu sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þá er einnig lagt til nýtt ákvæði þess efnis að stjórnvöldum beri að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á.

Í athugasemdunum kemur fram að megineinkenni núgildandi stjórnskipulags eru óbreytt en við endurskoðun á meðferð löggjafar og framkvæmdarvalds hafi verið lögð áhersla lögð á að dreifa valdi og auka aðgreiningu. Margar breytingar eru lagðar til sem hafa í för með sér bætt löggjafarstarf Alþingis, að því er segir í athugasemdum með tillögum ráðsins. Segir þar að leitast sé

við að efla samráð á milli meiri og minnihluta á þingi, meðal annars með því að gera kröfu um samþykki aukins meirihluta þingmanna, svo sem við kosningu forseta Alþingis. Þá er lagt til að stofnuð verði svokölluð Lögrétta, sem hafi það hlutverk að skoða hvort lög standist stjórnarskrá.

Ýmis nýmæli eru í tillögum stjórnlagaráðs sem að sögn eiga að tryggja rétt almennings til lýðræðislegrar þátttöku í ákvörðunum. Samkvæmt tillögnum geta tíu af hundræði kjósenda krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt og tveir af hundræði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. Með þessum breytingum mun Ísland vera meðal þeirra þjóða sem tryggir sem best rétt almennings til þátttöku í opinberum ákvörðunum, að því er segir í athugasemdum með tillögnum.

Samkvæmt tillögum stjórnlagaráðs er kosningakerfið tekið til heildarendurskoðunar. Fram kemur að atkvæði kjósenda alls staðar á landinu skuli vega jafnt. Kveðið er á um að kjósendi geti með persónukjöri valið frambjóðendur þvert á lista en heimilt sé að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. Kjördæmi skuli vera eitt til átta.

Stjórnlagaráð gerir það að tillögu sinni að forseti Íslands skuli ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil að enginn ráðherra geti gegnt sama embættinu lengur en í átta ár. Markmið þessarar tillögu er meðal annars að koma í veg fyrir valdþreypu og stöðnun, eins og segir í athugasemdum. Gert er ráð fyrir því að ákvæði um ráðherra og ríkisstjórn verði mun ítarlegri en nú er og kveðið er á um að ríkisstjórn taki sameiginlega ákvörðun í mikilvægum og stefnumarkandi málum. Í þessu felst að ríkisstjórn verður fjölskipað stjórnvald við tilteknar aðstæður. Samkvæmt tillögum stjórnlagaráðs skal Hæstiréttur skilgreindur sem æðsti dómstóll landsins.

Eins og að framan greinir má búast við því að þingmál á grundvelli hugmynda stjórnlagaráðs komi til meðferðar á þingi nú í október.

ÞARFT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI VEFSÍÐU?



Traustur samstarfsaðili

www.outcome.is



QUID PRO QUO

ÞARF LÖGMANNSSTOFA ÞÍN AÐ SENDA **SKILABOÐ** TIL SINNA VIÐSKIPTAVINA

Hafið samband við okkur. Við erum ódýr, fljót og vandvirk. Veitum ýmiskonar þjónustu sem tengist áritun, prentun og þökkun.

VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ ÞIG **ALLA LEIÐ**

Lágmúla 5 • 533 5252 • www.umslag.is



HÖNNUN



PRENTUN



ÁRITUN



ÞÖKKUN



ÖRYGGI



SAMSTARF



Hvers vegna á að fjölga þingmönnum?

Stjórnarskráin og hugmyndir stjórnlagaráðs

NOKKURT TÓMLÆTI HEFUR ríkt um þær hugmyndir að nýrri stjórnarskrá sem stjórnlagaráð afhenti Alþingi í sumar. Fulltrúar í ráðinu hafa lýst því að hugmyndir þeirra séu vandaðar og þaulhugsaðar og byggji á vilja þjóðarinnar, öll gagnrýni á þær lýsi hroka, eigi rætur í annarlegum sjónarmiðum eða undirgefni við valdastéttina. Þetta er nýlunda í fræðilegum og pólitískum umræðum um stjórnskipunarmál þó að tungutakið sé þekkt úr hefðbundinni þrætubók dægurmálanna. Vel má vera að þetta viðhorf hafi dregið úr áhuga á málefnalegum rökræðum.

Rökræður og ábyrgð

Miklar deilur urðu um skipan stjórnlagaráðsins. Ómálefnalegt er að láta þær hafa áhrif á mat á niðurstöðum þess. Meirihluti Alþingis lagði mest kapp á að losna við rökræður um stjórnarskrármálið og þá ábyrgð sem því fylgir að finna lausnir. Forsætisráðherra gaf fyrirheit um að Alþingi myndi ekki skipta sér af efni málsins ef stjórnlagaráð kæmist að samhljóða niðurstöðu. Stjórnlagaráðið virðist telja að framgangur málsins og heill þjóðarinnar byggist á því að Alþingi axli ekki þá ábyrgð sem gildandi stjórnarskrá mælir fyrir um.

Í ljósi alls þess sem gerst hefur í þjóðfélaginu á liðnum árum má líka færa gild rök fyrir hinu að halda Alþingi fast við þá ábyrgð sem stjórnskipunin mælir fyrir um að á því hvíli. Í margra augum grefur það undan festu og trúverðugleika stjórnskipunarinnar ef Alþingi getur valið, eftir því hvernig á stendur, hvort það axlar ábyrgð á einstökum viðfangsefnum eða ekki. En vitaskuld verður að virða sjónarmið þeirra sem telja slíka skipan til bóta.

Þó að stjórnlagaráð telji að ekki sé unnt né við hæfi að setja fram málefnaleg sjónarmið sem stangast á við niðurstöðu þess breytir það ekki þeim veruleika að í mörg horn er að líta við endurskoðun stjórnarskrár. Rökræður um hlutverk stjórnarskrárákvæða, ólíkar stjórnskipunarhugmyndir, og viðmið eins og ábyrgð og skilvirkni halda mikilvægi sínu þó að þær séu ekki vel séðar í augnablikinu.

Það er eðli vinnu af þessu tagi að með rökræðum er tekist á um mismunandi sjónarmið. Niðurstöður fást síðan með málamiðlunum. Sú glíma er stigin á öllum fulltrúasamkomum. Stundum tekst vel til en miður í annan tíma. Hráar niðurstöður mála eru oft afleiðing af skyndikaupum um málamiðlanir. Saga Alþingis geymir ýmis dæmi þar um og hugmyndir stjórnlagaráðs bera slíkt með sér.

Hér verður ekki gerð tilraun til að fjalla um tillögurnar í einstökum atriðum, aðeins vikið að nokkrum álitaeftum sem vert gæti verið að skoða fyrir þá sem telja að engin verk séu svo fullkomin að þau þarfnist ekki rökræðu.

Hræringur tveggja kerfa

Einn helsti gallinn á gildandi stjórnarskrá er sá að hún gildir fyrir þingræðiskerfi en er að stofni til samín þegar stjórnkerfið byggðist á valdajafnvægi milli konungsvalds og löggjafarvalds. Ákvæðin um forseta Íslands hafa valdið deilum vegna þessa óskýrleika. Textinn sem stjórnlagaráðið skilar ber þess merki að ætlunin hafi verið að eyða óvissu í þessum efnunum. Niðurstaðan er hins vegar sú að óvissan og flækjurnar eru meiri en nú er.

Í gildandi stjórnarskrá er kveðið á um að forseti og Alþingi fari saman með löggjafarvaldið og að forseti og önnur stjórnvöld fari saman með framkvæmdarvaldið. Stjórnlagaráð ákvað að afnema þá skipan að forseti fari ásamt Alþingi með löggjafarvaldið. Í skýringum eru sett fram sjónarmið um að forsetinn eigi einungis að vera æðsti maður framkvæmdarvaldsins. Um það má að vísu deila. En kjarni málsins í þessu samhengi er sá að á öðrum stöðum í stjórnarskrárhugmyndunum er forsetanum ætlað að fara með



lögjafarvaldið ásamt Alþingi í svipuðum og jafnvel ríkari mæli en verið hefur. Hér hafa einstakir stjórnlagaráðsmenn haft skýra hugsun hver fyrir sig. Þegar þeim hugmyndum er öllum hrært saman verður úr hrærigrautur.

Núverandi forseti Íslands hefur hagnýtt sér óskýrleika stjórnarskrárinnar til þess að auka pólitísk völd sín og áhrif. Alveg nýlega hefur hann lýst yfir því að hann ætli ekki að sitja undir því að ríkisstjórn og Alþingi hafi aðrar skoðanir en hann á mikilvægum málum, einkum að því er varðar afstöðu til annarra ríkja. Stjórnsmálaflokkarnir hafa ekki spyrnt fæti við þessari þróun. Helstu áhrif hennar eru þau að pólitísk ábyrgð á meðferð stórra mála hefur minnkað. Jafnframt er skilvirkni æðstu stjórnar landsins minni en áður. Slík stjórnskipun veikir líka stöðu Íslands út á við.

Ætla hefði mátt að stjórnlagaráðið reyndi að eyða óvissu með því að draga upp hugmyndir að stjórnskipunarreglum annað hvort á grundvelli forsetaræðis eða þingræðis. Þess í stað hefur kaupskapur um málamiðlanir í stjórnlagaráði leitt til niðurstöðu um sambland af báðum kerfum. Slíkur hræringur dregur enn frekar en orðið er úr skilvirkni og ábyrgð. En það getur vitaskuld verið sjálfstætt markmið. En samt er til of mikils mælst af stjórnlagaráði að það verði óumdeilt.

Mótsagnir

Flest bendir til þess að ætlun stjórnlagaráðs hafi verið að styrkja minnihluta Alþingis gegn ríkisstjórnarmeirihluta á hverjum tíma. Þar er augljóslega mest þörf á að tryggja betra jafnvægi með takmörkunum á valdi. Þetta er til að mynda gert með þeirri hugmynd að minnihluti þingmanna geti ákveðið að mál gagni til þjóðaratkvæðis.

Vandinn er hins vegar sá að ráðið gengur síðan algjörlega gegn þessu sjónarmiði í öðrum tillögum. Dæmi um þetta er að lagt er til að forseti Alþingis og ráðherrar missi atkvæðisrétt á Alþingi en haldi stöðu sinni að öðru leyti sem þingmenn. Jafnframt er lagt

til að varamenn þeirra bætist við tölu þingmanna með fullum atkvæðisrétti. Tilgangurinn er sagður sá að skilja á milli lögjafarvalds og framkvæmdarvalds án þess að breyta þingræðisreglunni. Breytingin hefur þar af leiðandi engin áhrif til aðskilnaðar. Ríkisstjórnin sækir áfram vald sitt til þingsins og leiðtogar hennar fara með forystu fyrir þingstörfum eins og verið hefur.

Áhrifin af þessari breytingu eru þessi: Ráðherrarnir sleppa við að mæta í atkvæðagreiðslur og þingmönnum fjölgar um ellefu. Með öðrum orðum: Hér er einungis verið að styrkja ríkisstjórnarmeirihlutann. Þannig vinnur tillagan þvert gegn því markmiði að styrkja stöðu minnihlutans. Þó að atkvæðum stjórnarflokka fjölgi ekki fá þeir þriðjungi fleiri þingmenn til þátttöku í málflutningi en kjörfylgi þeirra segir til um. Þetta gengur þvert á ríkjandi lýðræðishugmyndir.

Ýmsir stjórnlagaráðsmenn höfðu réttilega bent á mikilvægi þess að fækka þingmönnum. Varlega hefði verið farið í sakirnar að fækka þeim í fjörutíu og níu. Eigi þjóðaratkvæðagreiðslur að ákvarða niðurstöðu í stærstu málum væri eðlilegt að fækka þeim enn meir. Þess í stað er þeim fjölgað í sjötíu og fjóra. Þetta er gert á sama tíma og Alþingi er að fækka starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar.

Mögulega er þessi hugmynd um fjölgun þingmanna hugsuð til þess að kaupa stuðning á Alþingi við að senda málið í þjóðaratkvæði án umræðu og skoðunar. En með vissum hætti lítur þetta þó út eins og verið sé að draga dár að Alþingi.

Umhugsunarefni

Þróunin hefur leitt í ljós að full þörf er á skýrari stjórnskipunarákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þær geta augljóslega verið mikilvægur þáttur í því að tryggja valdajafnvægi í stjórnskipaninni. Margar leiðir eru færar í þeim efnum. Öll hugsanleg sjónarmið hafa augljóslega verið uppi á borðum stjórnlagaráðs. Það ber vott um góða

yfirsýn. Ráðið hefur hins vegar gefist upp við rökræðuna. Í stað þess að velja og hafna er málamiðlunin fólgin í því að setja fram allar hugsanlegar hugmyndir sem til eru um þetta efni. Fyrir vikið er niðurstaðan nær því að vera einhvers konar ruglandi en lýðræðisumbót.

Eitt mikilvægasta atriðið við smíði stjórnskrár er að gera glöggan greinarmun á stjórnskipunarreglum og almennum lagafyrirmælum. Í hugmyndum stjórnlagaráðs renna þessar eðlisólíku lagareglur saman í eina iðu. Aðgreining þarna á milli er vandasamt verk. Engu er líkara en að í þessu tilliti hafi öguð vinnubrögð vikið fyrir kaupskap um það lokamarkmið að afgreiða allan pakkann samhljóða.

Almennar stefnuyfirlýsingar eru varasamar í almennri löggjöf. Því síður eiga þær heima í stjórnarskrá. Þeirra staður er í stefnuskrám einstakra stjórnsmálaflokka. Um leið og þær eru komnar inn í stjórnarskrá flyst ákvörðunarvald um útfærslu lagareglna og um útgjöld úr ríkissjóði í auknum mæli frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum til dómstóla. Það veikir lýðræðið. Stjórnlagaráðið hefur virt lýðræðissjónarmið af þessu tagi algjörlega að vettugi.

Spurningar

Þó að hugmyndum ráðsins sé um margt ábótavant eru þær engan veginn á þann veg að þær verðskuldi ekki málefnalega og efnislega umræðu. En þær kalla á fræðilega skoðun. Svára þarf ýmsum spurningum: Hvers vegna á að veikja fulltrúalýðræðið? Af hverju á að draga úr pólitískri ábyrgð? Hvaða rök kalla á að dregið verði úr skýrleika og skilvirkni? Hví á að færa dómurum meira pólitísk vald til að móta réttarreglurnar og fara með raunverulegt fjárstjórnarvald? Hvaða rök eru fyrir fjölgun þingmanna? Á að stöðva landflóttann með því?



Nýjar bækur á bókasafni

Höfundar

Agasha Mugasha

Alistair Lindsay

Andreew Stilton

Ane Maria Röddik Christensen

Ben J.M. Terra og fleiri

Birgitte Kofod Olsen og Rikke Frank Jörgensen

Claus Brynildsen og fleiri

Constand de Koninck og Thierry Ronse

Dennis Weber

Erling Borchert og Frank Böggild

Ingeborg Schwenzer

Jens Schovsbo og Morten Rosenmeier

Jesper Lau hansen

Jon Bing

Jonathan Faull og Ali Nikpay

Jurgen Basedow

Karen-Margrethe Schebye

Lionel Bently og Brad Sherman

Lise Groesmeier og Michel Steinicke

Lone L. Hansen

Luc Thevenoz og fleiri

Martijn Van Empel

Michael W. Huhler, Thomas H. Webster

Michael Whailey og fleiri

Morten P. Broberg og Niels Fenger

Ole Hasselbalch

Oskar henkow

Paul Craig og fleiri

Paul Krüger Andersen

Paul Krüger Andersen og Nis Jul Clausen

Paul Krüger Andersen og Nis Jul Clausen

Peer Schaumburg-Muller og Erik Werlauff

Peer Schaumburg-Muller og Erik Werlauff

Philip R. Wood

Philip R. Wood

Roger Blanpain

Roger Blanpain og fleiri

Spyros M. Maniatis

Bókartitill

The Law of Multi-Bank Financing Syndicated Loans and the Secondary Loan Market.

The EC Merger Regulation: Substantive Issues

Sale of Shares and Businesses

Judicial Accommodation of Human Rights in the European Union

European Tax Law,

Overvågning eller omsorg- Privatlivets grænser

Forsikringsavtaleloven

European Public Procurement Law. Útg. 2008

The Influence European Law on Direct Taxation: Recent and Future Developments

Markedsføringsloven

Commentary on the UN Convention on the International Sale of Goods.

Immaterialeit

Værdipapirhandelsloven bd. 1-2, 5. udg.

Ansvar for ytringer på nett

The EC law of Competition,

Private Enforcement of EC Competition Law

Ansættelsesaftaler-Paradigma

Intellectual Property Law.

EU' s Udbudsdirektiver.

International fusion og spaltning

Conflicts of Interest: Corporate Governance and Financial Markets

Financial Services in Europe: An Introductory Overview

Handbook of ICC Arbitration: Commentary, Precedents, Materials. 2.útg.2008

International Business Acquisitions: Major Legal Issues and Due Diligence.

Præjudicielle forelæggelser for EF-Domstolen

Foreningsret,

Financial Activities in European VAT: Theoretical and Legal Research of the European VAT system and Preferred Treatment of Financial Activities

EU Law, Text, Cases and Materials.

Aktie- og anpartsselskabsret 11.udg. Kapitalselskabsret

Börsretten I, regler og markedsaktører.

Börsretten II, oplysninger, overtagelsestibud og markedsføring.

Werlauffs kommenterede Aktieselskabslov.

Börs- og kapitalmarkedsret

Project Finance, Securitisations and Subordinated Debt

Regulation of International Finance

European Labour Law 12th revised edition

The Future of Sports Law in the European Union: Beyond the EU Reform Treaty and the White paper

Trade Marks in Europe: A Practical jurisprudence

Trade Marks in Europe: A Practical jurisprudence



Áhrif fjármagnstekna á tekjutengdar bætur við uppgjör bóta skv. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga

DÓMUR HÆSTARÉTTAR 25. nóvember 2010 í máli nr. 113/2010 er áhugaverður fyrir þær sakir að þar er dæmt um ágreining um áhrif fjármagnstekna á bætur af félagslegum toga, sem reiknaðar hafa verið til eingreiðsluverðmætis, við uppgjör bóta fyrir varanlega örorku. Ágreiningur um sama sakarefni hefur ekki verið til úrlausnar áður.

Málsatvik voru þau að tjónþoli varð fyrir bifreið árið 2002, þegar hún var 13 ára að aldri, og hlaut hún alvarleg meiðsli af völdum slyssins. Í málinu krafði tjónþolin okumann bifreiðarinnar ásamt ábyrgðartryggianda hennar meðal annars um bætur fyrir varanlega örorku.

Við uppgjör bótanna kom upp ágreiningur um áhrif fjármagnstekna á tekjutengdar bætur sem tjónþolin fengi í framtíðinni úr lífeyristryggingu almannatrygginga og þar með á fjárhæð til frádráttar bótum frá ábyrgðartryggingandanum, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í ákvæði 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga er meðal annars kveðið á um að frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragist eingreiddar örorkubætur almannatryggingu, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007. Ákvæðið var upphaflega leitt í lög með 4. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á skaðabótalögum nr. 50/1993. Er atvik máls þessa gerðust hljóðaði ákvæði 4. mgr. 5. gr. á þann veg að frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns drægjust greiðslur sem tjónþoli fengi frá almannatryggingum og tekur dómur Hæstaréttar mið af því, en núgildandi orðalag um „eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. gr. 34. gr. laga nr. 100/2007“, er til komið með lögum nr. 53/2009.

Með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 37/1999 voru lagðar til breytingar á ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku með það fyrir augum að tjónþoli fengi að fullu bætt það tekjutap sem hann yrði fyrir af þeim sökum. Samhliða þessu var lagt til að í

ákvæði 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga yrði kveðið á um að til frádráttar slíkum bótum kæmu greiðslur af félagslegum toga sem kæmu í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 37/1999 var sérstaklega áréttað að við frádráttinn þyrfti að huga að því að greiðslur væru sambærilegar með því að taka tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið væri frá skattfrjálsum og afvöxtuðum bótum fyrir varanlega örorku. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga er samkvæmt framansögðu ætlað að tryggja að tjónþoli fái fullar bætur vegna varanlegrar örorku sinnar. (Alþt. 1998-1999, A-deild, bls. 1292.)

Ágreiningur í máli nr. 113/2010 laut svo sem áður segir að áhrifum fjármagnstekna á tekjutengdar bætur sem tjónþoli fengi í framtíðinni frá Tryggingastofnun ríkisins og þar með fjárhæð til frádráttar á bótum frá ábyrgðartryggianda bifreiðarinnar.

Af hálfu tjónþolans var hlutast til um

Í ákvæði 34. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar er kveðið á um rétt til eingreiðslu örorkulífeyris eða örorkubóta úr lífeyristryggingu almannatrygginga í þeim tilvikum þegar slysveldur varanlegri örorku. Þar segir í 5. mgr., sem vísað er til í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, að ef orkutap er minna en 50% er sjúkratryggingastofnun heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglugerð er ráðherra setur, ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

að tryggingastærðfræðingur færi yfir forsendur á uppgjöri ábyrgðartryggjandans. Samkvæmt útreikningi hans myndu tekjutengdar bætur tjónþola frá Tryggingastofnun ríkisins skerðast vegna fjármagnstekna hennar af ávöxtun þeirra bóta sem hún fengi frá ábyrgðartryggjandanum. Því bæri að taka tillit til væntrar skerðingar sem þessu næmi, við útreikning á frádrætti frá bótum til handa tjónþolanum.

Hæstiréttur féllst á með tjónþolanum að við útreikning á frádrætti á bótum úr almannatryggingum samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga bæri að taka tillit til þess að tekjutengdar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist vegna fjármagnstekna tjónþolans af þeim bótum sem hún fengi frá ábyrgðartryggjandanum. Stefndu í málinu, ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar og

ökumaður hennar, hefðu ekki lagt fram mat dómkvaddis manns til að hnekkja útreikningi tryggingastærðfræðings, en þau bæru sönnunarbyrði á réttmæti frádráttar bóta sem þau væri réttilega krafín um. Var krafa tjónþola því tekin til greina.

Dæmdar bætur til handa tjónþola vegna varanlegrar örorku hennar, sem reistar voru á lágmarkslaunaviðmiði 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, námu samtals ríflega 9,3 milljónum króna. Krafa tjónþola, um greiðslu vegna áhrifa fjármagnstekna á uppgjör bóta vegna varanlegrar örorku hennar, nam til samanburðar ríflega 1,7 milljón krónum. Hér er um ríka hagsmuni tjónþola að ræða, ekki síst með hliðsjón af því meginhlutverki skaðabótareglna að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki orðið. (Viðar Már

Matthíasson: Skaðabótaréttur. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2005, bls. 60-63.)

Af dómi Hæstaréttar 25. nóvember 2010 í máli nr. 113/2010 má draga þann lærdóm að í undanfara uppgjörs við váttryggjanda vegna slysabóta, þarf að leggja alúð við leiðbeiningar til handa sérfræðingum (t.d. tryggingastærðfræðingum), sem aftur hafa þau verkefni með höndum að yfirfara gögn sem aflað er af hálfu váttryggjanda og leggja frekari grunn að kröfum tjónþola. Með því móti ætti að vera unnt að treysta hagsmuni tjónþola og leggja grunn að greinargóðri kröfugerð, sem getur einnig nýst ef mál kemur til kasta dómstóla.



Kínversk sendinefnd í heimsókn

NÝVERIÐ KOM KÍNVERSK sendinefnd frá Guangzhou sem er þriðja stærsta borg Kína til Lögmannafélags Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að fá upplýsingar um hlutverk félagsins í íslensku réttarkerfi, menntun lögmanna og annað sem viðkemur störfum þeirra. Sendinefndin hitti nokkra stjórnarmenn en fór svo einnig til Svíþjóðar og Danmerkur í sömu erindagjörðum.



NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Stefán Reykjalín hdl.
Landsbanki Íslands hf.
Austurstræti 16
101 Reykjavík
Sími: 410-3925

Ásgeir Jóhannesson hdl.
Lögmannsstofa Jóhannesar
Ásgeirssonar hrl.
Suðurlandsbraut 10
108 Reykjavík
Sími: 568-1677

Birna Hlín Káradóttir hdl.
ALMC hf. og Straumur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími 858-6714

**Jónína
Guðmundsdóttir hdl.**
Fossvegi 8
800 Selfoss
Sími 899-1777

Fanney Frímansdóttir hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími 856-6150

Arnar Þór Sæþórsson hdl.
Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík
Sími: 520-3700

Hafsteinn Viðar Hafsteinsson hdl.
Byr hf.
Borgartúni 18
105 Reykjavík
Sími: 575 4028

Erlendur Kristjánsson hdl.
BYR
Borgartúni 18
105 Reykjavík
Sími: 575-4027

Ólafur Hallgrímsson hdl.
Embætti sérstaks saksóknara
Skúlagötu 17
150 Reykjavík
Sími: 444-0150

Margrét Kristín Helgadóttir hdl.
Lex lögmannsstofa
Hafnarstræti 94
600 Akureyri
Sími: 590-2600

**Jón Bjarni
Kristjánsson hdl.**
KRST lögmennt
Austurstræti 10A
101 Reykjavík
Sími: 551-6412

**Margrét Kristín
Helgadóttir hdl.**
Lex lögmannsstofa
Hafnarstræti 94
600 Akureyri
Sími: 590-2600

**Hjörtur Örn
Eysteinnsson hdl.**
Hraunbæ 5
110 Reykjavík
Sími: 869-2066

NÝR VINNUSTAÐUR

**Ásgeir Sigurður
Ágústsson hdl.**
LOGOS
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

CATO Lögmenn
Gísli Baldur Garðarsson hrl.
Sigmundur Hannesson hrl.
Eyvindur Sólves hrl.
Ægir Guðbjarni
Sigmundsson hdl.
Jóhannes Árnason hdl.
Sverrir B Pálmason hdl.
Árni Helgason hdl.

Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Ólafur Kristinsson hdl.
Lögsaga, Lögmannsstofa
Vegmúla 4
108 Reykjavík
Sími: 527-5903

Gunnar Ármannsson hdl.
PrimaCare ehf.
Pverholti 2
270 Mosfellsbær
Sími: 550 7582

Bogi Nilsson hrl.
Nordik legal slf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 522-5200

Bjarki Þór Sveinsson hdl.
Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7, 6.hæð
103 Reykjavík
Sími: 5471-5400

**Sigrún Hrönn Kristmannsdóttir
Landvall hdl.**
Landvall lögmannsstofa
Hofslundur 4
210 Garðabær

Kolbrún Garðarsdóttir hdl.
Valva lögfræðistofa
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 863-0153

Fróði Steingrímsson hdl.
D&F lögfræðistofa
Vesturgötu 10
101 Reykjavík
Sími: 552-8100

Margrét Gunnarsdóttir hdl.
Arion banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6570

Litla prent
Stórt verk lítið mál



prent.is

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is